

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um innheimtu og skil á meðlögum o.fl.
á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga nr. 214/1973
með síðari breytingum.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Heimilt er að taka verðtryggð skuldabréf, sem tryggð verði með veði í fasteign, innan 60% marka af brunabótamati eignar, til greiðslu á meðlagsskuld, en önnur verðbréf hefur stofnunin heimild til að taka sem tryggingu fyrir skilvísri greiðslu meðlagsskuldar. Verðbréf, sem stofnunin veitir viðtöku skal hún afhenda viðskiptabanka sínum til varðveislu og innheimtu.“

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga sbr. lög nr. 43/1984 og lög nr. 41/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 137

REGLUGERÐ

23. febrúar 1988

**um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt,
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launaskattur nemur 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað samkvæmt 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og 11. gr., sbr. einnig 12. gr., er 3,5%.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Laun og þóknanir fyrir neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Laun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, maka hans og barna hans, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Störf við landbúnað, er undanþágan tekur til, eru: Kvikfjarrækt. Til hennar telst sauðfjarrækt, nautgriparækt, alifuglarækt (þ.m.t. æðarvarp), svínarækt og loðýrarækt. Jarðyrkja. Til hennar telst garðyrkja, gróðurhúsarækt, heyframleiðsla og kornrækt. Skógrækt. Til hennar telst gróðursetning, grisjun og skógarhögg en ekki stjórnunar- eða sölustarfsemi.